

Góðan daginn.

Þann 1. janúar 2019 taka í gildi ný lög um lögheimili og aðsetur, sjá nánar [hér](#). Í 1. mgr. 13. gr. laganna segir: „Tilkynning um breytingu á lögheimili innan lands og aðsetri skal gerð rafrænt eða á starfsstöðvum Þjóðskrár Íslands í samræmi við reglugerð sem ráðherra er heimilt að setja.” Í greinargerð kemur fram að meginreglan verði sú að tilkynningar um lögheimilisskráningar skuli berast með rafrænum hætti. Með þessu ákvæði falla niður heimildir til að skila inn tilkynningum um breytt lögheimili innanlands til lögreglu, sýslumanna og sveitastjórna.

Vegna þessa mun Þjóðskrá Íslands hætta að taka á mótí flutningstilkynningum frá sveitarfélögum landsins, hvort sem þær eru á pappír eða rafrænar í gegnum vef ytri-Sofffu. Þetta þýðir að lokað verður fyrir aðgang sveitarfélaga að ytri-Sofffu um komandi áramót.

Hins vegar mun ákveðinn hópur einstaklinga ekki geta nýtt sér rafrænu leiðina og hefur ekki tók á að mæta í eigin persónu á starfsstöðvar Þjóðskrár Íslands í Reykjavík eða á Akureyri. Því þarf að finna leið til að þjónusta þessa einstaklinga við lögheimilisflutning. Þjóðskrá Íslands leggur til eftirfarandi lausn fyrir sveitarfélögin. Það er hagur allra, og þar með talið sveitarfélaganna, að lögheimilisskráning einstaklinga sé rétt og því mikilvægt að aðstoða og leiðbeina einstaklingum um hvernig skrá eigi nýtt lögheimili.

1. Komi einstaklingur á skrifstofu sveitarfélags að tilkynna um nýtt lögheimili skal alltaf byrja á að leiðbeina þeim um að slíkt skuli tilkynna með rafrænum hætti á vef Þjóðskrár Íslands, [www.skra.is](http://www.skra.is). Það er einfalt og fljótlegt og er flutningurinn allajafna skráður samdægurs. Einstaklingar þurfa að hafa Íslykil eða rafræn skilríki til að geta nýtt sér rafrænu leiðina. Íslykil er hægt að panta á [www.islykill.is](http://www.islykill.is) og óska eftir að hann sé sendur í heimabanka einstaklings (það tekur 5-10 mínútur) eða í bréfpósti á lögheimili hans (tekur 4-6 virka daga).
2. Sé hins vegar ómögulegt fyrir einstakling að tilkynna um flutning sjálfur með rafrænum hætti þá leggur Þjóðskrá Íslands til að starfsfólk sveitaskrifstofa sendi inn rafræna flutningstilkynningu í umboði einstaklingsins. Starfsmaður skráir sig þá inn á rafrænu flutningstilkynninguna á [www.skra.is](http://www.skra.is), með Íslykli eða rafrænum skilríkjum sveitarfélagsins eða með Íslykli einstaklingsins í hans umboði. Starfsmaður fyllir út tilkynninguna með upplýsingum einstaklings sem flytur, hakar við að umboði og skilríkjum hafi verið framvísað og setur inn afrit af umboði einstaklingsins í tilkynninguna. Sendir svo tilkynninguna inn rafrænt til Þjóðskrár Íslands til skráningar.

**Þessi leið á eingöngu við í þeim tilvikum þegar einstaklingar geta ómögulega óskað sjálfir eftir flutningi. Fyrsta skrefið ætti ávallt að vera að upplýsa um að hægt sé að tilkynna flutning rafrænt og leiðbeina með vísun á þjónustuver Þjóðskrár Íslands þar sem frekari upplýsingar varðandi rafrænar flutningstilkynningar eru veittar.**

Leiðbeiningar um hvernig starfsfólk sveitafélaganna skuli afgreiða flutningstilkynningar verða sendar þegar nær dregur gildistöku laganna.

Hægt er að panta Íslykil fyrir sveitarfélag á [www.islykill.is](http://www.islykill.is) og fá hann sendan í heimabanka sveitarfélagsins, það tekur u.þ.b. 5-10 mínútur.

Auk þessa viljum við upplýsa ykkur um að skv. 2. mgr. 14. gr. laganna skal tilkynna flutning til landsins í afgreiðslu Þjóðskrár Íslands eða á skrifstofu viðkomandi lögregluembættis. Lögregluembætti landsins hafa verið upplýst um þetta og verður þeim leiðbeint með hvernig taka skuli á móti slíkum flutningstilkynningum. Ef einhverjar spurningar vakna er hægt að senda fyrirspurnir á [skra@skra.is](mailto:skra@skra.is) eða hafa samband við þjónustuver okkar í síma 515-5300.

*Með kveðju / Best regards*  
*Soffía*

---

Soffía Svanhildar Felixdóttir  
Sérfræðingur, þjóðskrársvið

**Þjóðskrá Íslands / Registers Iceland**

Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland

Netfang/Email: [sfe@skra.is](mailto:sfe@skra.is), Sími/Tel.: +354 515 5300/ Web: [www.skra.is](http://www.skra.is)

[Um ábyrgð varðandi tölvupóst / Disclaimer](#)

## Kristjana Gestsdóttir

---

**From:** Kristófer A. Tómasson  
**Sent:** mánudagur, 26. nóvember 2018 16:48  
**To:** Kristjana Gestsdóttir  
**Subject:** FW: Ný lögheimilislög - hlutverk sveitarfélaga

Til kynningar á fund 11.

Kveðja góð Kristófer T

**From:** Soffía Felixdóttir <sfe@skra.is>  
**Sent:** mánudagur, 26. nóvember 2018 16:28  
**To:** 'upplysingar@reykjavik.is' <upplysingar@reykjavik.is>; 'kopavogur@kopavogur.is' <kopavogur@kopavogur.is>; 'postur@seltjarnarnes.is' <postur@seltjarnarnes.is>; 'gardabaer@gardabaer.is' <gardabaer@gardabaer.is>; 'hafnarfjordur@hafnarfjordur.is' <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; 'mos@mos.is' <mos@mos.is>; 'oddviti@kjos.is' <oddviti@kjos.is>; 'reykjanesbaer@reykjanesbaer.is' <reykjanesbaer@reykjanesbaer.is>; 'grindavik@grindavik.is' <grindavik@grindavik.is>; 'sandgerdi@sandgerdi.is' <sandgerdi@sandgerdi.is>; 'skrifstofa@vogar.is' <skrifstofa@vogar.is>; 'akranes@akranes.is' <akranes@akranes.is>; 'skorradalur@skorradalur.is' <skorradalur@skorradalur.is>; 'hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is' <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>; 'borgarbyggd@borgarbyggd.is' <borgarbyggd@borgarbyggd.is>; 'grundarfjordur@grundarfjordur.is' <grundarfjordur@grundarfjordur.is>; 'helgafellssveit341@gmail.com' <helgafellssveit341@gmail.com>; 'stykkisholmur@stykkisholmur.is' <stykkisholmur@stykkisholmur.is>; 'eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is' <eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is>; 'snb@snb.is' <snb@snb.is>; 'dalir@dalir.is' <dalir@dalir.is>; 'bolungarvik@bolungarvik.is' <bolungarvik@bolungarvik.is>; 'postur@isafjordur.is' <postur@isafjordur.is>; 'sveitarstjori@reykholar.is' <sveitarstjori@reykholar.is>; 'talknafjordur@talknafjordur.is' <talknafjordur@talknafjordur.is>; 'vesturbyggd@vesturbyggd.is' <vesturbyggd@vesturbyggd.is>; 'sudavik@sudavik.is' <sudavik@sudavik.is>; 'arneshreppur@arneshreppur.is' <arneshreppur@arneshreppur.is>; 'drangsnes@drangsnes.is' <drangsnes@drangsnes.is>; 'strandabyggd@strandabyggd.is' <strandabyggd@strandabyggd.is>; 'skagafjordur@skagafjordur.is' <skagafjordur@skagafjordur.is>; 'skrifstofa@hunathing.is' <skrifstofa@hunathing.is>; 'valdimar@blonduos.is' <valdimar@blonduos.is>; 'skagastrond@skagastrond.is' <skagastrond@skagastrond.is>; 'skaga.byggd@simnet.is' <skaga.byggd@simnet.is>; 'hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is' <hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is>; 'akrahreppur@akrahreppur.is' <akrahreppur@akrahreppur.is>; 'akureyri@akureyri.is' <akureyri@akureyri.is>; 'nordurthing@nordurthing.is' <nordurthing@nordurthing.is>; 'fjallabyggd@fjallabyggd.is' <fjallabyggd@fjallabyggd.is>; 'dalvik@dalvik.is' <dalvik@dalvik.is>; 'esveit@esveit.is' <esveit@esveit.is>; 'horgarsveit@horgarsveit.is' <horgarsveit@horgarsveit.is>; 'postur@svalbardsstrond.is' <postur@svalbardsstrond.is>; 'sveitarstjori@grenivik.is' <sveitarstjori@grenivik.is>; 'skutustadahreppur@skutustadahreppur.is' <skutustadahreppur@skutustadahreppur.is>; 'skrifstofa@tjorneshreppur.is' <skrifstofa@tjorneshreppur.is>; 'thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is' <thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is>; 'svalbardshreppur@svalbardshreppur.is' <svalbardshreppur@svalbardshreppur.is>; 'sveitarstjori@langanesbyggd.is' <sveitarstjori@langanesbyggd.is>; 'sfk@sfk.is' <sfk@sfk.is>; 'fjardabyggd@fjardabyggd.is' <fjardabyggd@fjardabyggd.is>; 'skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is' <skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is>; 'fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is' <fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is>; 'borg@eldhorn.is' <borg@eldhorn.is>; 'djupivogur@djupivogur.is' <djupivogur@djupivogur.is>; 'egilsstadir@egilsstadir.is' <egilsstadir@egilsstadir.is>; 'afgreidsla@hornafjordur.is' <afgreidsla@hornafjordur.is>; 'postur@vestmannaeyjar.is' <postur@vestmannaeyjar.is>; 'radhus@arborg.is' <radhus@arborg.is>; 'myrdalshreppur@vik.is' <myrdalshreppur@vik.is>; 'klaustur@klaustur.is' <klaustur@klaustur.is>; 'asahreppur@asahreppur.is' <asahreppur@asahreppur.is>; 'hvolsvollur@hvolsvollur.is' <hvolsvollur@hvolsvollur.is>; 'ry@ry.is' <ry@ry.is>; 'hruni@fludir.is' <hruni@fludir.is>; 'hve@hveragerdi.is' <hve@hveragerdi.is>; 'olfus@olfus.is' <olfus@olfus.is>; 'gogg@gogg.is' <gogg@gogg.is>; 'skeidgnup@skeidgnup.is' <skeidgnup@skeidgnup.is>; 'blaskogabyggd@blaskogabyggd.is' <blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>; 'floahreppur@floahreppur.is' <floahreppur@floahreppur.is>  
**Subject:** Ný lögheimilislög - hlutverk sveitarfélaga